

## Skilablað – Húsnæðismál Rannsóknamiðstöðvar Íslands, Rannís

### Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins um fyrirkomulag skilamats segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ eða „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnaðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað vegna öflunar á leiguþúsnaði (leiguverkefni).

### 1 Upphaf verkefnis

Verkefnið var að skoða húsnæðismál Rannsóknamiðstöðvar Íslands, Rannís. Verkbeiðni barst frá forstöðumannni stofnunarinnar, Hallgrími Jónassyni, í nóvember 2012.

Beiðnin fólst í að leita að nýju húsnæði fyrir stofnunina. Verkbeiðnin var samþykkt af Þráni Sigurðssyni, sérfræðingi í mennta- og menningarmálaráðuneyti og Hafsteini S. Hafsteinssyni, sérfræðingi í fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Verkefnastjóri FSR var Róbert Jónsson.

### 2 Verklýsing

Verkkaupi var mennta- og menningarmálaráðuneyti. Verkefnið fólst í að finna aukið húsnæðisrými fyrir Rannís vegna fjölgunar á verkefnum stofnunarinnar en gert var ráð fyrir að starfsmönnum mundi fjölda úr um 25 yfir í 40 til 50.

Ástæður voru meðal annars þær að færa átti verkefni frá alþjóðasviði Háskóla Íslands til Rannís, flytja átti rekstur á nokkrum sjóðum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti yfir til Rannís og hugmyndir voru uppi um að færa hugsanlega starfsemi Fulbright stofnunarinnar einnig yfir til Rannís.

Þáverandi húsnæði að Laugavegi 13 leyfði ekki fjölgun starfsmanna en skoða þurfti meðal annars hvort hugsanlega mætti leigja meira af húsnæði á núverandi stað. Fyrsta skrefið var að vinna þarfagreiningu og húsrýmisáætlun fyrir stofnunina.

Bókhalds- og greiðslubjónusta var ekki hjá FSR.

### 3 Verknúmer

Verknúmer er 633 0068.

### 4 Framvinda

FSR vann þarfagreiningu og húsrýmisáætlun fyrir stofnunina. Niðurstaða greiningarinnar var síu að nauðsynleg stærð húsnæðis væri um 1.430 m<sup>2</sup> sem gerði um 23,8 fermetra brúttó fyrir hvern starfsmann. Þetta var aðeins stærra flatarmál á hvern starfsmann en stefnt var að en það skýrðist einkum vegna fjölda fundarherbergja sem nauðsynlegt var að hafa, meðal annars vegna starfsemi sjóða sem færðir höfðu verið yfir til Rannís og kölluðu á stærri fundarými umfram það sem gerist í hefðbundnu skrifstofuhúsnæði. Einnig var nauðsynlegt að hafa stærri móttöku en gengur og gerist vegna starfsemi upplýsingastofu. Litið var svo á að þessi niðurstaða væri viðunandi miðað við umfang og eðli starfsemi Rannís.

Þarfagreining og húsrýmisáætlun var unnin í samráði við Hallgrím Jónasson, forstöðumann Rannís, Ágúst Hjört Ingþórsson, sviðsstjóra mennta- og menningarsviðs Rannís, og Herdís Þorgrímsdóttur, sviðsstjóra rekstrarsviðs Rannís. Vinnu við þarfagreininguna og húsrýmisáætlun lauk í febrúar 2013. Ýmsir kostir voru skoðaðir, meðal annars hvort starfsemi Rannís gæti komist fyrir í húsnæði Umferðarstofu sem þá var við Borgartún 30 en síu stofnun var að sameinast fleiri stofnunum þegar til varð Samgöngustofa. Niðurstaðan varð síu að vel mætti koma starfsemi Rannís fyrir í Borgartún 30. Þar með lauk aðkomu FSR að verkefninu en nokkrum mánuðum síðar flutti Rannís inn í Borgartún 30.

### 5 Kostnaður verkefnis

Kostnaður verkefnis var 1.236.598 kr.

### 6 Niðurstaða verkefnis

Niðurstaða verkefnisins var að starfsemi Rannís myndi rúmast í húsnæði ríkissjóðs við Borgartún 30.

### 7 Ákvörðun verkkaupa

Á ekki við.


### 8 Verklok

Verklok, hvað FSR varðar, voru í júní 2013.

### 9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

  
Halldóra Vífilsdóttir, forstjóri

  
Róbert Jónsson verkefnastjóri